

Aṣl-i-Kullu'l-Khayr

Orð viskunnar

Bahá'u'lláh

• • •

Aṣl-i-Kullu'l-Khayr

(Orð viskunnar)

Í nafni Guðs, hins háleitasta, hins hæsta

Uppspretta alls góðs er traust á Guði, undirgefni undir boð Hans og jafnaðargeð í heilögum vilja Hans og velþóknun.

Kjarni viskunnar er að óttast Guð, skelfast hirtingu Hans og refsidóm og hræðast réttlæti Hans og ákvörðun.

Kjarni trúarbragðanna er að bera því vitni sem Guð hefur opinberað, og fylgja því sem Hann hefur fyrirskipað í máttugri bók sinni.

Uppspretta allrar dýrðar er að láta sér lynda hvaðeina sem Drottinn hefur gefið og gera sér það að góðu sem Guð hefur áformað.

Kjarni ástarinnar er fyrir manninn að snúa hjarta sínu til Hins elskaða og skiljast frá öllu nema Honum og æskja einskis annars en þess sem Drottinn hans æskir.

Sönn minning er að nefna nafn Guðs, Hans sem allt vegsamar, og gleyma öllu nema Honum.

Sönn tiltrú er fyrir þjóninn að rækja starf sitt og köllun í þessum heimi, að halda fast við Drottin, að leita einskis nema náðar Hans, því að í Hans höndum eru örlög allra þjóna Hans.

Kjarni andlegrar lausnar er fyrir manninn að snúa ásjónu sinni til hirðar Drottins, að ganga í návist Hans, líta ásýnd Hans og standa sem vitni frammi fyrir Honum.

Kjarni skilnings er að bera vitni sinni eigin fátækt og lúta vilja Drottins, yfirbjóðandans, hins náðuga, hins alvolduga.

Uppspretta hugrekkis og styrks er útbreiðsla orðs Guðs og staðfesta í ást Hans.

Kjarni góðra verka er fyrir þjóninn að skýra frá blessunum Drottins síns og færa Honum þakkir ævinlega og undir öllum kringumstæðum.

Kjarni trúarinnar er fæð orða og gnægð dáða; sá sem segir fleira en hann framkvæmir, vit með sanni, að dauði hans er betri en líf hans.

Kjarni sanns öryggis er að gæta þagnar, að líta á tilgang hlutanna og hafna veröldinni.

Kjarni veglyndis er þegar maður sóar auði sínum á sjálfan sig, fjölskyldu sína og hina fátæku meðal bræðra sinna í trúnni.

Kjarni auðlegðar er ást til Mín; sá sem elskar Mig er eigandi alls, og sá sem elskar Mig ekki, tilheyrir í sannleika hinum snauðu og þurfsandi. Þetta er það sem fingur dýrðar og ljóma hefur opinberað.

Uppspretta alls ills er fyrir manninn að snúa baki við Drottin sínum og festa hjarta sitt við óguðlega hluti.

Hinn heitasti eldur er að draga tákni Guðs í efa, mæla fáfengilega í gegn því sem Hann hefur opinberað, afneita Honum og bera sig drembilega frammi fyrir Honum.

Upphaf alls lærdóms er þekking á Guði, upphafin sé dýrð Hans, og þetta er ekki hægt að öðlast nema fyrir þekkingu á guðdómlegri birtingu Hans.

Kjarni lægingarinnar er að hverfa úr skugga Hins miskunnsama og leita athvarfs hjá hinum illa.

Uppspretta villunnar er að hafna trúnni á hinn eina sanna Guð, treysta á eitthvað annað en Hann og flýja ákvörðun Hans.

Sannur missir er hans sem eytt hefur dögum sínum í fullkominni fáfræði um sitt eigið sjálf.

Kjarni alls þess sem Vér höfum opinberað þér er réttlæti – að maðurinn leysi sig undan fánýtum hugarburði og eftirlíkingu, sjái dýrleg handaverk Hans með augum einingarinnar og gaumgæfi allt með rannsakandi auga.

Þannig höfum Vér upprætt þig og birt þér orð viskunnar til þess að þú megir vera þakklátur Drottni, Guði þínum, og miklast af því meðal allra þjóða.